

*umhverfis-
stjórnunarkerfi*



UMHVERFISSTOFNUN

ársskýrsla
2012

RITSTJÓRI

Ástríður E. Jónsdóttir

RITHÓPUR

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir

Björn Gunnlaugsson

Elva Rakel Jónsdóttir

Jóhanna Björk Weisshapel

Kristinn Valtýsson

Steinar Rafn Beck Baldursson

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Umhverfisstefna og markmið.....	6
Umhverfisstefna.....	6
Markmið Umhverfisstofnunar í umhverfismálum	6
Stofnunin og umfang kerfisins	7
Lýsing á starfstöðvum og starfsemi	8
Grænt bókhald.....	9
Niðurstöður græns bókhalds 2011-2012.....	10
Orku- og auðlindanotkun	10
Stefnan.....	10
Umfjöllun um niðurstöður.....	10
Markmið fyrir næsta ár	14
Aðföng – keypt vara og þjónusta.....	15
Umfjöllun um niðurstöður.....	15
Markmið fyrir næsta ár	17
Ferðalög.....	17
Stefnan.....	17
Umfjöllun um niðurstöður.....	18
Samgöngusamningur	19
Hjólreiðasamningur	19
Markmið fyrir næsta ár	20
Úrgangur og flokkun.....	20
Stefnan.....	20
Umfjöllun um niðurstöður.....	20
Markmið fyrir næsta ár	21
Samantekt.....	22
Helstu niðurstöður.....	22
Áætlun fyrir 2013	23
Viðaukar.....	24



staðfesting endurskoðanda

EFLA verkfræðistofa hefur endurskoðað skýrslu Umhverfisstofnunar um grænt bókhald fyrir árið 2012 og rýnt eftirfarandi þætti:

- » *Hvort skýrsla um grænt bókhald innihaldi þær upplýsingar sem hún á að innihalda skv. 6., 7, og 8 gr. rg. 851/2002.*
- » *Hvort þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru séu í samræmi við gögn úr fjárhagsbókhaldi og vöktun fyrirtækisins á lykiltölum í umhverfismálum.*

Grænt bókhald er í samræmi við kröfur reglugerðar 851/2002.
Reykjavík 04. 04. 2013

GUNNAR SVAVARSSON UMHVERFISVERKFRÆÐINGUR



inngangur

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi í umhverfisstjórnun með því að minnka notkun auðlinda og lágmarka úrgang vegna starfsemi sinnar. Árið 2012 vann umhverfishópur stofnunarinnar að því að viðhalda viktun á óflokkuðum úrgangi og innleiða nýja prentþjónustu í því augnamiði að gera hana umhverfisvænni. Áfram var lögð áhersla á vistvæn innkaup m.a. með því að fá liðsauka í hópinn frá innkaupafólki. Eitt af aðalverkefnum var þó að auka umfang kerfisins og fá allar starfsstöðvar stofnunarinnar inn í kerfið. Þetta verkefni er þó það umfangsmikið að það taka yfir næsta ár einnig. Minna fór fyrir kynningum til starfsmanna á árinu, en hópurinn telur þó að þetta sé mjög mikilvægur þáttur sem bætt verði úr á næsta ári. Aðrar aðgerðir ársins fólust meðal annars í því að kanna möguleika á að minnka notkun plastumbúða í mötuneyti, athuga með notkun uppvottavélaefni sem er algjörlega án ætandi efna og aukin birgðatalningu um áramót.

Starfsfólki býðst áfram að skrifa undir samgöngusamning en megininntak hans felst í að hvetja fólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til og frá vinnustað. Í skýrslunni er tekið saman grænt bókhald fyrir starfsemi Umhverfisstofnunar 2012 og niðurstöður bornar saman við niðurstöður bókhaldsins frá árinu áður.

Hér á eftir eru niðurstöður dregnar saman og grænt bókhald fyrir 2011 og 2012 borið saman. Yfirlit yfir grænt bókhald stofnunarinnar frá 2010 má nálgast í viðauka. Skýrslunni er skipt upp eftir hverjum umhverfisþætti og að lokum er fjallað um hvernig Umhverfisstofnun hyggst bregðast við niðurstöðunum á árinu 2013.

umhverfisstefna og markmið

UMHVERFISSTEFNA

Stefna Umhverfisstofnunar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðið er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi stofnunarinnar. Stofnunin mun leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvarðanatöku sinni og þjónustu.

Umhverfisstofnun mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi í allri starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001.

MARKMIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR Í UMHVERFISMÁLUM

- » *Innkaup stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup.*
- » *Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar samgöngutækja á vegum Umhverfisstofnunar verði lágmarkuð. Notkun á hráefnum, orku og vatni sömuleiðis. Árlega verður birt endurskoðað grænt bókhald á vef stofnunarinnar.*
- » *Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar.*
- » *Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.*
- » *Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði aukin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænni lífsstíl.*





stofnunin og umfang kerfisins

Umhverfisstofnun tók til starfa 1. janúar 2003 þegar þrjár stofnanir voru sameinaðar; Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Veiðistjóraembættið ásamt þremur ráðum. Stofnunin er með átta starfsstöðvar á landinu en umhverfisstjórnunarkerfið nær nú til þeirra allra; aðalskrifstofunnar á Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, skrifstofunnar á Borgum við Norðurslóð á Akureyri, skrifstofunnar á Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum, skrifstofunnar í Mánagötu 2 á Ísafirði, skrifstofunnar á Hraunvegi 8 á Mývatni, skrifstofunnar í Aðalstræti 63 á Patreksfirði, skrifstofunnar við Klettsbúð 7 á Hellissandi (og einnig Gestastofu á Hellnum) og skrifstofu og Gestastofu á Heiðarvegi 1 í Vestmannaeyjum.

Fjöldi stöðugilda hjá stofnuninni er 73,5. Í Reykjavík eru 59 starfsmenn (55,2 stöðugildi), 10 starfsmenn á Akureyri (9,5 stöðugildi), þrjú á Snæfellsnesi, tvö á Egilsstöðum (1,8 stöðugildi) en á Ísafirði, Mývatni, Patreksfirði og í Vestmannaeyjum er eitt stöðugildi á hverjum stað.

Í stjórn Umhverfisstofnunar eru forstjóri og sviðsstjórar.

LÝSING Á STARFSTÖÐVUM OG STARFSEMI

Meginhlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

REYKJAVÍK Starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík er staðsett við eina af stærri umferðargötum borgarinnar í hverfi fyrir atvinnuhúsnæði. Byggingunni er deilt með öðrum fyrirtækjum en þar sem stofnunin nær yfir stóran hluta byggingarinnar er orkunotkun og sorp reikningsfært sér.

Starfsemi Umhverfisstofnunar fer að mestu fram í Reykjavík. Þar eru starfandi svið umhverfisgæða, svið fjármála- og rekstrar, svið fræðslu- og upplýsinga, svið laga- og stjórnsýslu og hluti af sviði náttúruauðlinda.

AKUREYRI Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Akureyri er í stórrí skrifstofubyggingu, Borgum, sem stendur á opnu svæði en Umhverfisstofnun nýtir eingöngu lítið rými í allri byggingunni. Sökum þessa er erfiðara að stýra umhverfispáttum s.s. orkunotkun og sorpi þar en í Reykjavík.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Akureyri er veiðistjórnun, dýravernd og almenn lífríkismál. Starfsemi skrifstofunnar teygir anga sína einnig inn á svið fræðslu- og upplýsinga en tveir starfsmenn á skrifstofunni sinna þeim störfum.

SNÆFELLSNES Starfsstöð þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er á tveimur stöðum. Skrifstofa þjóðgarðsins er á Hellissandi á neðri hæð húss sem fyrrum var pósthús. Á sömu hæð er símstöð en á efri hæðinni er íbúð sem hótél staðarins á. Gestastofa þjóðgarðsins er í fyrrum fjárhúsi á Hellnum sem gert var upp fyrir nokkrum árum. Í húsinu er einnig rekið kaffihús. Þriðji starfsmaður Umhverfisstofnunar er með vinnuáðstöðu á skrifstofu Snæfellsbæjar. Í því húsi en einnig Félags- og skólaþjónusta bæjarins. Úrgangur starfsstöðvanna er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar í Snæfellsbæ hafa umsjón með þjóðgarðinum Snæfellsjökli ásamt friðlöndunum Búðahrauni og ströndinni við Arnarstapa og Hellna. Þeir annast einnig rekstur gestastofu þjóðgarðsins sem er á Hellnum. Þriðji starfsmaður stofnunarinnar vinnur að gerð verndaráætlana og annast verkefni tengdum umhverfisábyrgð.

EGILSSTAÐIR Starfsstöð Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum er staðsett í Vonarlandi. Húsin sem mynda Vonarland standa á grónum og skógi vöxnum ási yst í þéttbýlinu á Egilsstöðum, spölkorn frá annarri byggð. Umhverfisstofnun deilir skrifstofuhúsnæði með Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Matvælastofnun. Í tengdum byggingum eru skrifstofur annarra opinberra aðila,

Starfstöðin á Egilsstöðum hefur umsjón með hreindýraveiðum að meginhlutverki. Önnur verkefni tengjast náttúruvernd, friðlýsingum og fleiru.

ÍSAFJÖRÐUR Á Ísafirði er skrifstofan í húsnæði við aðalgötu bæjarins. Engin önnur starfsemi er í húsinu en íbúð er á efri hæð hússins. Starfsstöðinni fylgir 20 fermetra landvarðahús í friðlandinu og er það kynnt með gasi en rafmagn er framleitt með sólarcellum. Starfsemi í því húsi fer eingöngu fram á sumrin. Allur úrgangur sem til fellur í landvarðahúsinu er flutt til förgunar á Ísafirði. Allur úrgangur frá starfsemi stofnunarinnar er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Ísafirði er umsjón með Hornstranda-friðlandinu. Auk verkefna tengdum Hornströndum hefur starfsmaður umsjón með landvarðanámskeiði stofnunarinnar.

MÝVATNSSVEIT Einn starfsmaður er í Mývatnssveit og deilir hann húsnæði með Vatnajökulspjóðgarði og Mývatnsstofu ehf. Gestastofan er staðsett í gamla Kaupfélaginu við hlið verslunarinnar í sveitinni við Þjóðveg 1. Sveitarfélagið býður ekki upp á sorpflokkun en starfsmenn fyrirtækjanna í húsinu hafa tekið sig saman og flokka rafhlöður, plast og pappa sem einhver tekur með sér þegar farið er til Akureyrar eða Húsavíkur.

Í Mývatnssveit snýst starfsemi stofnunarinnar að stærstu leyti um eftirlit og rekstur verndarsvæðis Mývatns og Laxár og rekstur Mývatnsstofu.

PATREKSFJÖRÐUR Á Patreksfirði er starfsemin í hefðbundnu skrifstofuhúsnæði og stendur byggingin miðsvæðis við aðalgötu Patreksfjarðar á opnu svæði með útsýni yfir fjörðinn. Orkunotkun og úrgangur er reikningsfærð sameiginlega með bæjarskrifstofu Vesturbyggðar.

Meginverkefni starfsstöðvar Látrastofu á Patreksfirði er stjórnun og umsjón friðlýstra svæða á sunnanverðum Vestfjörðum.

VESTMANNAEYJAR Í Vestmannaeyjum er starfsemin með skrifstofu í sama húsnæði og gestastofan. Um er að ræða rými á fyrstu hæð í byggingu við eina af aðal-umferðargötum bæjarins. Á efri hæðum byggingarinnar er rekið gistiheimili.

Umhverfisstofnun í Vestmannaeyjum hefur umsjón með Surtseyjar-friðlandinu og rekstri Surtseyjarstofu sem er gestastofa friðlandsins.

GRÆNT BÓKHALD

Umhverfisstofnun heldur grænt bókhald með það að megin sjónarmiði að fylgjast með umhverfispáttum starfseminnar til að mæla umhverfislegan ávinning og einnig að varða veginn og gefa öðrum gott fordæmi á þessu sviði. Helstu umhverfisþættir starfseminnar eru orku- og auðlindanotkun, aðföng - keypt vara og þjónusta, ferðalög og úrgangur.



niðurstöður græns bókhalds 2011-2012

Í 1. töflu má sjá þá umhverfispætti Umhverfisstofnunar sem mældir voru og breytingu á milli áráanna 2011 og 2012. Ítarlegri töflu má finna í viðauka.

ORKU- OG AUÐLINDANOTKUN

Stefnan

Stefnan fyrir árið 2012 var bregðast við og fylgja eftir mikilli aukningu á notkun á heitu vatni á árinu 2011 vegna snjóbræðslu á bílaplani. Rætt var um að taka stöðuna á orkunotkuninni oftár en einu sinni á ári en þar sem álestur mæla fer yfirleitt einungis fram árlega var ákveðið að það væri nægilegt.

Umfjöllun um niðurstöður

Upplýsingar um orkunotkun Umhverfisstofnunar á Suðurlandsbraut 24 fengust af heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, undir Orkan mín. Þar er orkunotkun sundurliðuð eftir notkunarmælum.

Notkun á köldu vatni fæst ekki aðgreind eftir hæðum húsnæðis en engu að síður er gagnlegt að fá yfirsýn á milli ára yfir notkun á köldu vatni til að átta sig á neyslumunstri og kanna möguleika á aukinni nýtni eða hagræðingu.

TAFLA 1 SAMANBURÐUR UMHVERFISÞÁTTA HJÁ UMHVERFISSTOFNUN 2011 OG 2012 ÁSAMT PRÓSENTUBREYTINGU MILLI ÁRA.

UMHVERFISÞÆTTIR	2011	2012	BREYTING FRÁ 2011 TIL 2012	BREYTING FRÁ 2010 TIL 2012
BYGGINGAR OG ORKUNOTKUN				
Rýmisnotkun (m ² /stöðugildi)	31	28	-10%	-15%
RAFMAGN				
Rafmagn (kwh/stöðugildi)	2.253	2.607	16%	11%
Rafmagn (kwh/m ²)	73	66	-10%	-6%
Heitt vatn (kwh/m ²)	293	185	-37%	13%
Rafmagn + heitt vatn (kwh/m ²)	365	250	-31%	7%
VATNSNOTKUN				
Heitt vatn (m ³ /m ²)	5	3	-36%	14%
Kalt vatn (l/stöðugildi)	43.440	56.069	29%	46%
ÚRGANGUR				
Flokkaður úrgangur (kg/stöðugildi)	102	110	8%	21%
Óflokkaður úrgangur [%]	3	7	123%	-33%
Aðföng - keypt vara og þjónusta				
Hreinsiefni 3. hæð (l/stöðugildi)	0,19	0,62	226%	-11%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	87	96	10%	-1%
Handsápa klósett (l/stöðugildi)	0,53	0,78	47%	-3%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	1	0%	0%
Sápa í uppþvottavél	0,91	0,54	-41%	-
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	1	0%	0%
Gljái í uppþvottavél	0,25	0,27	8%	-
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	1	0%	0%
Uppþvottalögur eldhús	0,08	0,05	-38%	-
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	1	0%	0%
PAPPÍRSNOTKUN				
Handþurrkur (kg/stöðugildi)	1,48	1,36	-8%	42%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100	100	0%	0%
Salemispappír (kg/stöðugildi)	3,03	1,74	-43%	-
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	0%	22%
Handþurrkur eldhús (kg/stöðugildi)	1,48	1,36	-8%	-
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	0%	0%
Eldhúsrúllur	0,98	0,79	-19%	-
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	0%	0%
Pappír Suðurlandsbraut (kg/stöðugildi)	19,9	18,5	-7%	-12%
Pappír Akureyri (kg/stöðugildi)	10,3	2,14	-79%	-73%
REKSTARVÖRUR				
0%				
Húsgögn (fjöldi/stöðugildi)	0,64	0,54	-16%	80%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	0	0	0%	0%
Prenthyliki (fjöldi/stöðugildi)	1,3	0,60	-54%	100%
..þar af umhverfismerkt prenthyliki [%]	-	100	0%	-
Raflöður (fjöldi/stöðugildi)	1,5	6	300%	-
..þar af umhverfismerktar raflöður [%]	100	100	0%	-
Skrifstofuvélar og tölvubúnaður (fjöldi/stöðugildi)	1,17	0,62	-47%	82%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	0	0	0%	0%
FERDALÖG				
Leigubílar** (km/stöðugildi)	42	48	15%	-42%
Bilaleigubílar (km/stöðugildi)	1.007	519	-48%	-32%
Metanbíll (km/stöðugildi)	444	225	-49%	-20%
..þar af metanbíll (metan) (km/stöðugildi)	312	155	-50%	-28%
..þar af metanbíll (bensín) (km/stöðugildi)	132	70	-47%	3%
Pallbíll (km/stöðugildi)	82	181	121%	-
..þar af metanbíll (metan) (km/stöðugildi)	55	61	12%	-
..þar af metanbíll (bensín) (km/stöðugildi)	27	120	343%	-
Samtals akstur (km/stöðugildi)	1.576	1.645	4%	45%
Samtals CO ₂ losun* [CO ₂ (t)/stöðugildi]	0,199	0,076	-62%	-62%
FERDALÖG - FLUGFERÐIR				
Flug (klst/stöðugildi)	18	12	-33%	-14%
ANNAÐ				
Umhverfismerkt ræstþjónusta [%]	100	100	0%	0%
Umhverfismerkt þvottahús [%]	0	0	0%	0%
Umhverfismerkt aðkeypt prentþjónusta [%]	96	95	-1%	0%

TAFLA 2: NOTKUN Á HEITU VATNI (M3) HJÁ UMHVERFISSTOFNUN ÁRIN 2010 TIL 2012.

	2010 (m3)	2011 (m3)	2012 (m3)
3. hæð	909	1017	927
4. hæð	661	876	1891
5. hæð	705	656	720
Sameign og kjallari	1267	2081	1822
Snjóbræðsla	1726	4851	1611
Samtals (m3)	5268	9481	6971

TAFLA 3: RAFORKUNOTKUN (kWst) HJÁ UMHVERFISSTOFNUN ÁRIN 2010 TIL 2012.


	2010 (kWst)	2011 (kWst)	2012 (kWst)
3. hæð	20105	21289	20147
4. hæð	26028	26402	37242
5. hæð	44870	43857	47973
Sameign	2808	2940	3559
Bílageymslur	25545	25225	17224
Kjallari	12517	17154	17778
Samtals (kWst)	131873	136867	143923

TAFLA 4: NOTKUN Á KÖLDU VATNI (M3) HJÁ UMHVERFISSTOFNUN ÁRIN 2010 TIL 2012.

	2010 (m3)	2011 (m3)	2012 (m3)
Allar hæðir	2163	2639	3095


Ef skoðaðar eru tölur fyrir heita vatnið má sjá að mikil aukning var árið 2011 en svo dró aftur úr notkuninni árið 2012. Óeðlilega mikla notkun á heitu vatni á þessu 2011 má rekja til þess að upp komst í lok árs 2011 að ekki hafði verið skrúfað fyrir snjóbræðslu í byrjun sumars og heitu vatni dælt undir bílaplan yfir allt sumarið. Því var notkun á heitu vatni langt umfram nauðsyn á þessu tímabili og má sjá að mikið dró úr notkun á heitu vatni á milli árána 2011 og 2012. Nokkurrar aukningar gættir í notkun á heitu vatni á einni hæðinni, rafmagni og köldu vatni á milli ára og skýrist það helst af því að í byrjun árs 2012 stækkaði stofnunin við sig innan fjórðu hæðar byggingarinnar og bætti þar með við sig nokkuð stóru skrifstofusvæði.

Notkun á heitu vatni (m³)



MYND 1: NOTKUN Á HEITU VATNI (M³) Á UMHVERFISSTOFNUN SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRANNA 2010 OG 2012.


Notkun á rafmagni (kWst)




MYND 2: RAFORKUNOTKUN (KWST) Á UMHVERFISSTOFNUN – SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRANNA 2010 OG 2012.

Til glöggvunar er hægt að draga saman upplýsingarnar eingöngu fyrir árið 2012 og skoða hvernig orkunotkun dreifist á milli hæða og sameignar (kjallara og bílageymslu), sjá mynd 3. Þá sést berlega hvernig aukin umsvif á fjórðu hæðinni endurspeglast í mun meiri notkun á heitu vatni. Þegar kemur að notkun á rafmagni er fjórða hæðin enn töluvert umfangsmeiri en sú þriðja en fimmta hæðin skákar þeim báðum. Það skýrist af því að mötuneyti stofnunarinnar er staðsett á fimmtu hæðinni, með tilheyrandi orkufrekum tækjabúnaði.

Rafmagn 2012



Heitt vatn 2012



MYND 3: NOTKUN Á HEITU VATNI (M3) OG RAFMAGNI (KWST) Á UMHVERFISSTOFNUN ÁRIÐ 2012.

MARKMIÐ FYRIR NÆSTA ÁR

Markmið varðandi orku- og vatnsnotkun hefur hingað til verið að afla gagna og fylgjast með notkun. Þær upplýsingar sem gagnaöflunin hefur skilað nú þegar hafa reynst afar gagnlegar og gefið möguleika á að koma í veg fyrir óþarfa sóun um lengri tíma, sbr. snjóbræðsla að sumri.

MARKMIÐ FYRIR 2013 VERÐA

- » Gagnaöflun og skoða sveiflur yfir lengra tímabil.
- » Efla fræðslu til starfsmanna.

AÐFÖNG – KEYPT VARA OG ÞJÓNUSTA

Stefnan fyrir aðfangaflokkana fyrir árið 2012 var eftirfarandi

PAPPÍR

- » 100% af keyptum pappír A4 sé umhverfisvottaður
- » Hvetja innkaupafulltrúa í að þanta umhverfismerkt aðföng
- » Prentarahópur skoði möguleika á minnkun notkunar á pappír – skilar tillögum á þessu ári með markmiðum fyrir 2012

PRENTUN

- » Ásprent fyrir norðan – athuga með að senda bréf með fyrirspurn um áform um umhverfisvottun
- » Tryggt að skipt verði um þjónustuaðila þegar næst á að prenta út veiðihandbók

PRENTHYLKI

- » Skoða innkaup og þjónustuaðila með vistvæn hylki

RÆSTINGAR

- » Hvetja innkaupaðila í að kaupa umhverfismerkt
- » Athuga með hvort hægt sé að finna uppþvottavélaefni sem er ekki með ætandi efni

BIRGÐATALNING UM ÁRAMÓT

- » Allir vöruflokkar taldir um áramót – ekki bara pappír

Umfjöllun um niðurstöður

Mikill hluti vinnunnar við stýringu þeirra umhverfisþátta sem falla undir þennan kafla fór í gagnaöflun og skoðun á því hvernig einfalda má verklag við söfnun þeirra. Vegna örðugleika í söfnun upplýsinga var ákveðið að innleiða nýtt verklag árið 2011. Í því felst að sá sem pantar vörur skráir fjölda eininga af þeirri vöru sem hann pantar, en gerð er krafa um slíkt við færslu græns bókhalds. Samhliða þessu var útbúinn almennur gátlisti til að auðvelda starfsmönnum skráningar og græn innkaup. Skerpt var enn frekar á þessu verklagi fyrir söfnun upplýsinga fyrir árið 2012.

Pappírnotkun Við samanburð milli 2011 og 2012 kemur í ljós að notkun pappírs í kg/stöðugildi hefur minnkað um 7% þ.e. úr 19,9kg 2011 í 18,5 kg 2012. Samkvæmt tölum fyrir Akureyri þá hefur pappírnotkun dregist saman um 43% milli ára en tölur eru miðaðar við kg/stöðugildi. Starfsmönnum á Akureyri fjölgaði um 3 á yfir árið 2012 og hefur það veruleg áhrif á þennan samanburð þar sem tveir þeirra komu í lok ágúst. Á seinni hluta ársins 2012 var innleidd fjölnotaprentlausnir með kortalesara þannig að öll prentverk skrást nú á notanda. Ætlunin er að með þessari innleiðingu megi draga úr prentnotkun t.d. með því að prentverk sem ekki eru sótt í prentara prentast ekki út

og má ætla að starfsmenn verði betur meðvitaðir um notkun sína. Prentarar þessir eru með þeim umhverfsvænustu sem til eru á markaðinum og nota vaxkubba í stað prenthylkja.

Prenthylki Innkaup á prenthylkjum drógust mikið saman á milli ára 2011 og 2012, frá 1,3 prenthylki á stöðugildi 2011 niður í 0,6 hylki á stöðugildi 2012 og mun engin prenthylkjanotkun verða á árinu 2013. Ástæða þessa er sú breyting á tækjabúnaði sem stofnunin tók í notkun í október 2012, að einungis eru notaðir prentarar með vaxprentkubbum sem settir eru í prenthylkjahólf prentarana og nýttast 100% á prentverkin.

Rafhlöður Innkaup á rafhlöðum drógust saman um 38% á milli áráanna 2009-2011. Árið 2009 voru keyptar inn 2,4 rafhlöður á hvert stöðugildi, árið 2011 1,5 rafhlaða á stöðugildi og 2012 6 rafhlöður á stöðugildi. Ætla má að meginorsök þessara sveifla milli ára megi rekja til endingartíma rafhlaðna.

Skrifstofuvélar og tölvubúnaður Innkaup á skrifstofuvélum og tölvubúnaði drógust saman á milli ára eða frá 1,17 tækjum/stöðugildi á árinu 2011 yfir í 0,62 á stöðugildi 2012. Ástæður fyrir minnkun þessari er að lokið var innleiðingu fjarfundarbúnaðar á árinu 2011 en undir þennan lið 2012 falla tölvu – GSM- og símabúnaður.

Prentverk Alls voru pöntuð 20 stærri prentverk á árinu 2012. Af þeim voru 19 verk pöntuð frá svansvottuðum prentverksmiðjum. Í þessu eina tilfelli sem vottun vantar var um að ræða prentun norðan heiða og á þeim tíma var ekki völ á svansvottaðri prentþjónustu þar.

Þjónusta þvottahúsa Enn vantar mikið upp á að þvottahús bjóði þjónustu sem er umhverfsvottuð og verður litið nánar til lausna á því á næstu árum. Æskilegt er að fara vel í gegnum markaðinn og bera saman þá þjónustu sem þessir aðilar bjóða upp á og hvetja til þess að þeir bjóði upp á umhverfsvænni þjónustu.

Á Suðurlandsbraut 24 eru þau hreinsiefni sem notuð í eldhúsi og við þrif á 3. hæð, sem og á 4. og 5. hæð hússins sem ISS á Íslandi sér um, umhverfismerkt (svansmerkt) að undanskildu glerspreyi (1,5 lítrar). Hlutfall svansmerktra hreinsivara sem Umhverfisstofnun keypti árið 2012 var því 98,2% sem er sama hlutfall og árið á undan. ISS sér um þrif á 4. og 5. hæð hússins eins og fram kom hér að framan. Ekki hafa hingað til verið fengnar magntölur hreinsiefna sem ISS notar við þrifin en stefnt að því að þær tölur verði fengnar fyrir árið 2013. Árið 2012 keypti Umhverfisstofnun 41% minna magn af sápu í uppþvottavél og 38% minna af uppþvottalegi fyrir vask í eldhúsi en árið á undan. Hins vegar var keypt 47% meira af handsápu á klósett árið en árið 2011 og 226% meira af hreinsiefnum fyrir þrif á 3. hæð hússins en árið á undan. Þessi mikli breytileiki í innkaupum á hreinsivörum á milli ára skýrist líklega að mestu leyti af því að litlar eða miklar birgðir voru til frá árinu á undan en ekki af minni eða meiri notkun á þessum

efnum. Birgðatalning í árslok hefur ekki farið fram og skoðað verður hvort sú leið verði farin. Í eldhúsi eru allar hreinsivörur svansmerktar en sápa í uppbvottavél hefur þrátt fyrir það varnarmarki um að hún innihaldi ætandi efni (vítissóða). Haft var samband við Tandur og fékkst þar staðfest að slík sápa án ætandi efnis er ekki til hér á landi.

Á Akureyri sér ISS á Íslandi um þríf starfsstöðvarinnar og eru öll hreinsiefni sem notuð eru svansmerkt. Á starfsstöðvum á Ísafirði, Snæfellsjökulspjóðgarði, Patreksfirði, Mývatni og Vestmannaeyjum sömuleiðis eru eingöngu notaðar svansmerktar hreinsivörur. Í starfstöðinni á Egilsstöðum er Umhverfisstofnun í húsi með annarri starfsemi m.a. heilbrigðiseftirliti Austurlands. Fram til þessa hefur þess ekki verið gætt að eingöngu séu notaðar svansmerktar hreinsivörur í húsinu. Magn hreinsivara hafa ekki verið tekið saman á starfstöðvum úti á landi.

Innkaup á WC pappír minnkuðu á milli árána 2011 og 2012 um 43%, á handþurrkum á klósettum um 8%, á eldhúsrúllum um 27% og á handþurrkum í eldhúsi um 8%. Eins og á við um hreinsivörur er líklegt að hér sé ekki eingöngu um minni notkun slíks pappírs að ræða heldur að hluti skýringarinnar sé að birgðir frá árinu á undan hafi verið notaðar. Birgðatalning á WC pappír og handþurrkum fyrir salerni fór fram í lok árs 2012 og verður tekið tillit til hennar í grænu bókhaldi fyrir árið 2013. Skoðað verður hvort talning á eldhúsrúllum verði líka gerð í lok hvers árs. Allur WC pappír, handþurrkur og eldhúsrúllur er umhverfismerktur.

Upplýsingar um magn WC pappírs og handþurrka hafa ekki verið teknar saman á starfsstöðvum úti á landi.

MARKMIÐ FYRIR NÆSTA ÁR

Samanburður á grænu bókhaldi aðfanga fyrir árin 2011 og 2012 sýnir að mest er um vert að skoða nokkur áhersluatriði nánar fyrir næsta bókhaldsár. Þau eru:

- » *að stýra innkaupum markvisst að umhverfissvottaðri vöru þ.e. í þeim flokkum þar sem betur má gera.*
- » *að hlutfall umhverfismerkra prentpappírs og handþurrka.*
- » *að dregið verði úr notkun rafmagnshandþurrkur á salerni fjármunir eru til.*
- » *að bæta við birgðatalningu á fleiri vöruflokkum sem fylgst er með.*

FERÐALÖG

Stefnan

Halda skal áfram að hvetja starfsfólk til að velja umhverfissvænni kosti vegna fundahalda; nota fjarfundabúnað, reiðhjól, metan-bíl stofnunarinnar og metan leigubíla. Pantanir á leigubílum verði bornar saman við notkun á bíl stofnunarinnar.

Umfjöllun um niðurstöður

Áfram var haldið með hvatningu til starfsfólks um að nota tvinnbíl stofnunarinnar fyrir starfsemi Suðurlandsbrautar í stað leigubíla í sparnaðar- og umhverfisskyni. Einnig var áfram boðið upp á samgöngusamning fyrir ferðir til og frá vinnu en einnig hjólasamning fyrir ferðir á vinnutíma, sjá nánar í köflum þar um, 5.3.1 og 5.3.2. Þá á stofnunin tvö reiðhjól sem starfsfólki gefst kostur á að nýta til styttri ferða í stað leigubíla. Reiðhjól stofnunarinnar eru lítið sem ekkert notuð en líklegt má telja að þeir sem nýti sér pennan ferðakost nýti eigin hjól. Starfsfólki gefst einnig kostur á að taka strætó og er sá ferðakostur töluvert notaður, en ekki eru neinar skráningar á notkun hans.

Losun á CO₂ gasi er reiknuð út frá eknum kílómetrum og er miðað við meðalútblástursgildi nýskráðra bíla, 142 g CO₂ á hvern ekinn km fyrir leigubíla og bílaleigubíla. Meðalútblástursgildi nýskráðra bíla er fengið á vef Orkusetursins. Bíll stofnunarinnar í Reykjavík er nýlegur og er stuðst við sama útblástursgildi fyrir hann og var notað í fyrra eða 163 g CO₂. Gera má ráð fyrir meiri losun á CO₂ gasi af pallbíl Látrastofu þar sem hann er stærri og er gert ráð fyrir 231,5 g CO₂ á hvern ekinn km. Í ár stækkaði umfang umhverfisstjórnunarkerfisins og nær það nú til allra starfsstöðva stofnunarinnar. Í þjóðgarðinum Snæfellsjökli er bíll stofnunarinnar Toyota Prius sem er nýlegur og er notað sama útblástursgildi fyrir hann og WV Passatinn.

Í ár voru upplýsingar um notkun stofnunarinnar á leigubílum eingöngu rafrænar þar sem tekin voru upp rafræn viðskipti árið 2011 við leigubílastöð sem stofnunin er í viðskiptum við. Í ár þurfti því ekkert að áætla fjölda ekinna km líkt og í fyrra en þá þurfti að áætla fyrir tvo mánuði af árinu.

Notkun leigubíla jókst 6 km á stöðugildi á milli ára sem mögulega má rekja til skekkju í gagnaöflun þar sem árið 2011 var hluti ársins áætlaður. Einnherra skýringa kann að vera að finna í minni fræðslu og hvatningu til starfsfólks, en það er eitt meginmarkmiðið fyrir alla flokka í ár að auka hana.

Rafrænar upplýsingar um hlutfall notkunar á umhverfissvænum leigubílum mættu vera betri frá þjónustuaðila, en í ár var það unnið handvirkt. Heildarhlutfall umhverfissvænna leigubíla er 60% yfir árið; frá því að vera tæp 50% fyrri hluta árs í 73% seinni hluta árs. Ástæður þessa er að þjónustuaðili var beðinn um að senda ávallt umhverfissvænan leigubíl væri hann í boði þegar starfsmaður Umhverfisstofnunar pantar. Áður var þessi ábyrgð á hendi þess sem pantaði. Þess ber að geta að 10% af heildarflota þjónustuaðila er umhverfissvænn.

Eitt af markmiðum ársins var að bera saman yfirlit frá leigubílastöð við notkun á WV-Passat stofnunarinnar. Mjög tímafrekt er að bera þetta saman og var því einungis gerð stikkprufa sem leiddi í ljós að í helmingi tilfella var bíll stofnunarinnar inni þegar leigubíll var pantaður. Þessi samanburður er ekki nákvæmur en ákveðin vísbinding um að hvetja þurfi starfsfólk til að nýta betur bíl stofnunarinnar.

Notkun bílaleigubíla dróst saman um nær 38% á milli ára, en hafði aukist um 31% á árinu áður. Þessar sveiflur má nær eingöngu rekja til minni notkunar bílaleigubíla fyrir sjálfboðaliðastarf en umfang þess dróst saman um rúm 30% fór úr 640 vikum í 444.

Örðugt er að áætla fjölda símafunda þar sem skráningar þeirra eru ekki viðhafnðar. Aftur á móti er starfsfólk ávallt hvatt til að halda símafundi þegar því verður við komið.

Fjarfundabúnaður hefur einnig verið endurnýjaður í öllum fundarsölum og eru til að mynda allir starfsmannafundir sendir út í gegnum vefinn og einnig teknir upp og vistaðir á innri vef.

Heildarlosun CO₂ (t/stöðugildi) dróst saman úr 0,193 niður í 0,162. Minnkun á heildarlosun má rekja m.a. til minnkun á notkun bílaleigubíla og einnig vegna notkun metanbíla í bílaflota stofnunarinnar sem og til 60% hlutfalls umhverfsvænni leigubíla.

Upplýsingar um ferðalög starfsfólks með flugi eru gefnar í klukkustundum en ekki í kílómetrum þar sem það var talið gefa betri mynd. Ekki er alltaf flogið í beinni fluglínu og því erfiðara að áætla vegalengd. Flugtími er reiknaður út með aðstoð howmanyhours.com. Ákveðið var, líkt og áður, að meta ekki að svo stöddu né setja CO₂ losun frá flugi inn í heildarlosunartölur bókhaldsins þar sem margir áhrifaþættir hafa áhrif á losun í flugi, s.s. mótvindur, stærð flugvélar, fjölda farþega í vélinni, hring-sól yfir flugvöllum o.s.frv. Heildarflugtími klukkustunda á stöðugildi dróst saman úr 18 klukkustundum í 12. Líklegasta skýringin á þessari aukningu má rekja til mögulegra skekkju í gagnaöflun, þar sem það kom í ljós að töluvert af ferðum innanlands hafði ekki verið skráð í ferðagrunn en síðustu ár var gert ráð fyrir að svo væri.

Samgöngusamningur

Umhverfisstofnun býður starfsmönnum sínum að gera samgöngusamning sem hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað. Það starfsfólk sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði, í strætó, gangandi eða hjólandi á rétt á árlegum samgöngustyrk frá stofnuninni. Stofnunin greiðir árskort í strætisvagn eða andvirði þess, gegn framvísun reiknings fyrir útlögðum kostnaði vegna göngu eða hjóleiða. Meira en 40% starfsmanna skrifaði undir samgöngusamning við stofnunina eða 32 starfsmenn. Af þeim voru 11 sem hafa gert samgöngusamning sem ætla að nýta sér strætó árið 2012. Ekki hefur verið metinn umhverfislegur ávinningur af þessu fyrirkomulagi.

Hjólreiðasamningur

Vorið 2011 bauð Umhverfisstofnun starfsmönnum upp á hjólreiðasamning sem lýtur að ferðum starfsmanna í þágu stofnunarinnar en ekki í og úr vinnu eins og samgöngusamningurinn. Markmið samningsins er að minnka losun mengandi efna vegna ferða starfsmanna og stuðla að umhverfsvænum ferðamáta þeirra. Starfsmenn skuldbinda sig til þess að ferðast almennt á reiðhjóli styttri vegalengdir í þágu stofnunarinnar svo sem á fundi eða önnur vinnutengd erindi. Samningurinn kveður á um að starfsmenn fari kringum 12 ferðir á ári og stofnunin borgar hverjum starfsmanni 3.000 kr. á mánuði. Hver starfsmaður þarf svo að halda hjóladagbók þar sem skráðar eru upplýsingar um hjólaferðirnar til að mæla árangur samningsins. Fjórir starfsmenn stofnunarinnar hjóluðu skv. þessum samningi árið 2012 og er það fækkun um einn frá árinu áður. 83% ferða er hjólað af sama starfsmanninum svo segja má að einn hafi verið virkur. Fækkunina má rekja t.d. rekja til að tveir þessara starfsmanna létu af störfum hjá stofnuninni á árinu. Frekari kynningar mega verða á hjólasamningnum til að ná þátttöku upp aftur.

Á síðasta ári hjóluðu samningsbundnir starfsmenn 24 ferðir og samanlögð

vegalengd var 174,5 km. Minnkun koltvísýrings vegna þessara ferða er þá 24.430 gCO₂ ef miðað væri við meðaleyðslu nýrra bíla í Evrópu árið 2010 og þá er ótalin minnkun annarra mengandi efna frá bílum. Einn starfsmaður gerði athugun á því hve langan tíma það tók að hjóla algenga vegalengd frá stofnuninni til Reykjavíkflugvallar. Ef hjólað var á hóflegum hraða til að koma í veg fyrir svita þá tók þessi ferð alla jafna 13-14 mín en lengst 17 mínútur þegar það var hálka. Sama ferð með leigubíl tekur kringum 10 mín. Út frá þessum tölum má segja að ekki er mikill munur á þeim tíma sem það tekur að fara þessa ferð á hjóli eða bíl ef einnig er tekinn með í reikninginn biðtími eftir leigubíl, eða leita að bílastæði ef farið er á einkabíl.

Ef litið er til sparnaðar í leigubílakostnaði má sjá að kostnaður stofnunarinnar vegna samningsins er lítil og líklegast er hagnaður af honum ef tekið er með í reikninginn heilsuhaustara og hressara starfsfólk. Ávinningur umhverfisins er hinsvegar óumdeildur.

Markmið fyrir næsta ár

Að bjóða upp á fræðslu til að auka enn frekar vægi umhverfisvænni ferðamáta.

ÚRGANGUR OG FLOKKUN

Stefnan

Markmiðin fyrir árið 2012 voru að viðhalda þeim góða árangri sem náðist við flokkun á úrgangi á árinu 2011, að draga úr úrgangi vegna einnota plastumbúða mjólkurafurða í mótuneyti og tryggja að öll spilliefni fari til viðurkenndra móttökuaðila.

Umfjöllun um niðurstöður

Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér að neðan ná til höfuðstöðva stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, þar sem um 75% af starfsmönnum eru staðsettir. Á árinu 2012 sá Íslenska gámafélagið ehf. um að taka við öllum flokkuðum úrgangi, flokka hann nánar og koma til endurvinnslu eða förgunar eftir því sem við á. Á sjö minni starfstöðvum, sem stofnunin rekur víða um land, er úrgangur yfirleitt flokkaður til endurvinnslu, en ekki liggja fyrir sundurliðuð gögn frá hverri og einni starfstöð, vegna þess að flokkunin er sameiginleg með öðrum aðilum sem þær deila húsnæði með.

Heildarmagn úrgangs frá Suðurlandsbraut 24 á árinu 2012 reyndist vera 6514 kg og jókst hann því um 130 kg samanborið við árið á undan þrátt fyrir fækkun í fjölda ársverka (úr 61 niður í 56). Magn úrgangs á hvert ársverk hækkar því milli ára úr 105 kg upp í 118 kg (5. tafla).

Flokkun úrgangs gekk ekki eins vel árið 2012 og árið á undan, en alls náðist að flokka rúm 93% af þeim úrgangi sem féll til á árinu 2012 samanborið við 97% árið áður. Aukningin í magni flokkaðs úrgangs kann að einhverju leyti að stafa af því að vinnulag við vigtun hans var endurbætt á árinu 2012 og hann því hugsanlega skilað sér betur inn í bókhaldið en áður.

Þrátt fyrir lakari árangur í flokkun úrgangs á árinu 2012 stendur Umhverfisstofnun

	Úrgangur (kg/ári)			Úrgangur (kg/ársverk)			
	2010	2011	2012	UST S24 2010	UST S24 2011	UST S24 2012	KLIF 2011
Ársverk				56	61	56	322
Úrgangur alls	5.682	6.384	6.514	101	105	118	216
... Þar af flokkaður úrgangur, kg	5.136	6.203	6.080	91	102	110	168
..... Þar af óflokkaður úrgangur, kg/%	546*	181	434	10%	3%	7%	22%

TAFLA 5: YFIRLIT YFIR ÚRGANG FRÁ UMHVERFISSTOFNUN Á SUÐURLANDSBRAUT 24 FYRIR ÁRIN 2010, 2011 OG 2012 MED SAMANBURÐI VIÐ NORSKU UMHVERFISSTOFNUNINA (KLIF).

sig samt sem áður talsvert betur en Norska umhverfisstofnunin (KLIF), en þar náðist að flokka um 78% af úrgangi ársins 2011. Það vekur enn fremur athygli að hjá Umhverfisstofnun er heildarmagn (kg) úrgangs á hvert ársverk umtalsvert lægra en hjá systurstofnun okkar í Noregi.


Á töflu 5 kemur fram hvernig úrgangur frá Umhverfisstofnun á Suðurlandsbraut 24 flokkaðist á árunum 2010, 2011 og 2012. Langmest (um 75%) fellur í tvo flokka eins og áður, sem eru álíka stórir, þ.e.a.s. flokkaður úrgangur, endurvinnsla (Græna tunnann) og lífrænt efni, sem fer til jarðgerðar. Í Grænu tunnuna má setja allan pappír, bylgjupappa og pappa, plast, minni málmhluti og fernur. Gæðapappír er síðan í þriðja sæti, en sá flokkur var upp á 1,14 tonn á árinu 2012, sem er 15% aukning frá fyrra ári.

Óflokkaður úrgangur er fjórði stærsti flokkurinn eins og áður og reynist hann vera 434 kg á árinu 2012, sem er ríflega tvöföldun á milli ára. Eins og nefnt er hér að ofan, kann þetta að einhverju leyti að stafa af því að fyrirkomulag við vigtun hans var endurbætt en þó verður ekki horft fram hjá þeim möguleika að starfsmenn hafa slakað á við flokkunina og því sé þörf á átaki til þess að endurheimta fyrri árangur á þessu sviði.

Magn spilliefna sem fóru frá stofnuninni dróst saman á árinu 2012 miðað við árið á undan. Í þennan flokk falla einkum rafhlöður og þar sem þeim er safnað saman og ekki sendar frá stofnuninni nema í 1 eða 2 skipti á ári geta árlegar sveiflur orðið miklar þessum flokki og nauðsynlegt að skoða hann yfir lengra tímabil til þess að átta sig á því hvort hlutdeild hans sé að dragast saman.

Markmið fyrir næsta ár

- » Markmiðið fyrir næsta ár er að tryggja að viðhalda góðum árangri í hlutfalli flokkaðs úrgangs.
- » Vigtun á óflokkuðum úrgangi verði færð til þjónustuaðila.



MYND 4: SKIPTING ÚRGANGS EFTIR FLOKKUM (KG) FRÁ UMHVERFISSTOFNUN Á SUÐURLANDSBRAUT 24 FYRIR 2010, 2011 OG 2012.

samantekt

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- » Góður árangur tókst í prentmálum þar sem nú eru öll prenthylki 100% umhverfisvæn og dróst notkun þappírs saman um 7% á stöðugildi.
- » Í orkumálum tókst að minnka notkun á heitu vatni um 37% og 10% á notkun rafmagns.
- » Þegar niðurstöður fyrir árin 2011 og 2012 eru bornar saman sést að góður árangur náðist í úrgangsmálum sem einnig staðfestir góðan árangur árið 2011 þar sem óflokkaður úrgangur var eingöngu 3% það ár og nú 7%, en sem teljast má mjög góður árangur, en var 32% árið 2009. Líklegt telst að þessa aukningu megi rekja til vinnulags viktunar óflokkað sírgangs.
- » Hreinsiefni notuð hjá Umhverfisstofnun eru nánast öll umhverfismerkt. Það sama á við um allan þappír sem notaður er hjá stofnuninni.
- » Eknum kílómetrum með leigubílum fækkaði um 50% á milli ára.

Grænt bókhald Umhverfisstofnunar var unnið í fyrsta sinn fyrir árið 2009. Núna, við samantekt talna fyrir árið 2012 er hægt að treysta tölum betur þar sem bæði er skráning upplýsinga nákvæmari og hægt að sjá ákveðna endurtekningu sem eykur fullvissu um að gögnin endurspegli raunveruleikann. Þó má gera enn betur í skráningu innkaupa sérstaklega í ljósi þess að nú tilheyra allar starfsstöðvar stofnunarinnar umhverfiskerfinu og þarf að einfalda verklag enn betur við skráningu ákveðinna innkaupa hjá starfsstöðvum út á landi. Vinnuhópur um umhverfisstjórnun kemur til með að vinna áfram markvisst að bættu verklagi við gagnaöflun og skráningu upplýsinga fyrir þá umhverfispætti sem eru undir eftirliti.

áætlun fyrir 2013

Umhverfisstefna Umhverfisstofnunar er skýr og felst m.a. í því að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Í framhaldi af gerð umhverfisstefnu, greiningu umhverfisþátta og gerð græns bókhalds Umhverfisstofnunar fyrir árin 2010-2012 hefur stofnunin sett sér áherslur fyrir árið 2013 til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni.

EFTIRFARANDI ÁHERSLUR HAFA VERIÐ LAGÐAR:

- » Að tryggja að góðum árangri í hlutfalli flokkaðs úrgangs verði viðhaldið og að innleiða flokkun úrgangs á gestastofum og þjódgördum stofnunarinnar.
- » Að tryggja að öll spilliefni fari til viðurkenndra móttökuaðila.
- » Að öll hreinsiefni sem notuð eru innan stofnunarinnar verði umhverfismerkt.
- » Að ávallt verði þantaðir umhverfisvænir leigubílar.
- » Að allur þappír sem notaður er á stofnuninni verði áfram umhverfismerktur og dregið verði áfram úr notkun hans.
- » Að öll útgáfa prentverka á vegum stofnunarinnar verði umhverfisvottuð.
- » Að hámarka almennt hlutfall umhverfisvottaðrar aðkeyptrar vöru og þjónustu.
- » Að átak verði gert í fræðslu til starfsmanna í tengslum við alla umhverfisþætti og þeim m.a. skýrt frá áunnum árangri þeirra.

viðaukar

Rautt = leiðrétting fyrir skýrslu fyrra árs

UMHVERFISÞÆTTIR	2010	2011	2012	BREYTING FRÁ 2011 TIL 2012	BREYTING FRÁ 2010 TIL 2012
BYGGINGAR OG ORKUNOTKUN					
Rýmisnotkun (m ² /stöðugildi)	33	31	28	-10%	-15%
RAFMAGN					
Rafmagn (kwh/stöðugildi)	2.349	2.253	2.607	16%	11%
Rafmagn (kwh/ m ²)	70	73	66	-10%	-6%
Heitt vatn (kwh/m ²)	163	293	185	-37%	13%
Rafmagn + heitt vatn (kwh/m ²)	233	365	250	-31%	7%
VATNSNOTKUN					
Heitt vatn (m ³ /m ²)	2,8	5	3	-36%	14%
Kalt vatn (l/stöðugildi)	38.522	43.440	56.069	29%	46%
ÚRGANGUR					
Flokkaður úrgangur (kg/stöðugildi)	91	102	110	8%	21%
Óflokkaður úrgangur [%]	10	3	7	123%	-33%
AÐFÓNG - KEYPT VARA OG ÞJÓNUSTA					
Hreinsiefni 3. hæð (l/stöðugildi)	0,7	0,19	0,62	226%	-11%
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	97	87	96	10%	-1%
Handsápa klósett (l/stöðugildi)	0,8	0,53	0,78	47%	-3%
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	1	0%	0%
Sápa í uppþvottavél	-	0,91	0,54	-41%	-
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	1	0%	0%
Gljái í uppþvottavél	-	0,25	0,27	8%	-
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	1	0%	0%
Uppþvottalögur eldhús	-	0,08	0,05	-38%	-
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	1	0%	0%
PAPPÍRSNOTKUN					
Handþurrkur (kg/stöðugildi)	0,96	1,48	1,36	-8%	42%
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100	100	100	0%	0%
Salemispappír (kg/stöðugildi)	-	3,03	1,74	-43%	-
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	82%	100%	100%	0%	22%
Handþurrkur eldhús (kg/stöðugildi)	-	1,48	1,36	-8%	-
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	100%	0%	0%
Eldhúsrúllur	-	0,98	0,79	-19%	-
.. þar af umhverfismerktar vörur [%]	100%	100%	100%	0%	0%
Pappír Suðurlandsbraut (kg/stöðugildi)	21	19,9	18,5	-7%	-12%
Pappír Akureyri (kg/stöðugildi)	8	10,3	2,14	-79%	-73%

UMHVERFISÞÆTTIR	2010	2011	2012	BREYTING FRÁ 2011 TIL 2012	BREYTING FRÁ 2010 TIL 2012
REKSTARVÖRUR				0%	
Húsgögn (fjöldi/stöðugildi)	0,3	0,64	0,54	-16%	80%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	0	0	0	0%	0%
Prenthyliki (fjöldi/stöðugildi)	0,3	1,3	0,60	-54%	100%
..þar af umhverfismerkt prenthyliki [%]	-	-	100	0%	-
Raflöður (fjöldi/stöðugildi)	-	1,5	6	300%	-
..þar af umhverfismerktar raflöður [%]	-	100	100	0%	-
Skrifstofuvélar og tölvubúnaður (fjöldi/ stöðugildi)	0,34	1,17	0,62	-47%	82%
..þar af umhverfismerktar vörur [%]	0	0	0	0%	0%
FERÐALÖG					
Leigubílar** (km/stöðugildi)	83	42	48	15%	-42%
Bíla-leigubílar (km/stöðugildi)	766	1.007	519	-48%	-32%
Metanbíll (km/stöðugildi)	282	444	225	-49%	-20%
..þar af metanbíll (metan) (km/stöðugildi)	215	312	155	-50%	-28%
..þar af metanbíll (bensín) (km/stöðugildi)	68	132	70	-47%	3%
Pallbíll (km/stöðugildi)	-	82	181	121%	-
..þar af metanbíll (metan) (km/stöðugildi)	-	55	61	12%	-
..þar af metanbíll (bensín) (km/stöðugildi)	-	27	120	343%	-
Samtals akstur (km/stöðugildi)	1.131	1.576	1.645	4%	45%
Samtals CO ₂ losun* [CO ₂ (t)/stöðugildi]	0,2	0,199	0,076	-62%	-62%
FERÐALÖG - FLUGFERÐIR					
Flug (klst/stöðugildi)	14	18	12	-33%	-14%
ANNAÐ					
Umhverfismerkt ræstipjónusta [%]	100	100	100	0%	0%
Umhverfismerkt þvottahús [%]	0	0	0	0%	0%
Umhverfismerkt aðkeypt prentþjónusta [%]	95	96	95	-1%	0%

* Pappírnotkun er miðuð við lagerstöðu 2012/2013

